



Nefndasviðs Alþingis
Umhverfis og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/023/9,6/DS/sig
Reykjavík 1. mars 2012

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum (mengunarvarnaráð hafna og bráðamengun), þingskjal 451 — 375. mál.

Landhelgisgæslan er sammála frumvarpinu í meginatriðum. Þó vill Landhelgisgæslan gera athugasemdir við breytingu á 19. gr. laganna. Í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 segir í 2. mgr. 19. gr.:

19. gr. Mengunarvarnabúnaður.

2. mgr. Umhverfisstofnun skal hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Stofnunin ákveður í samráði við viðkomandi svæðisráð, eftir því sem fé fæst til í fjárlögum, uppbyggingu og endurnýjun á nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.

Í frumvarpinu er þessi setning tekin út, þ.e. varðandi mengunarvarnabúnað um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands. Ekki er útskýrt í greinargerð með frumvarpinu hvers vegna ákveðið hefur verið að breyta þessu.

Í lögum um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006, var ákveðið að gefa fagráðuneytum tækifæri til að hafa áhrif á ýmsa þætti í starfsemi Landhelgisgæslunnar sem falla undir þeirra svið. Það var gert með því að setja inn heimildir í 5. gr. til að gera þjónustusamninga, m.a. í 4. tl. 1. mgr. um mengunarvarnir og mengunareftirlit á hafinu. Í skýringum við 4. og 5. gr. laganna segir m.a.:

Í 4. tölul. 5. gr. eru mengunarvarnir og mengunareftirlit á hafinu talin sem samningsbundin þjónustuverkefni LHG. Sama gildir um sprengjueyðingu og hreinsun skotæfingasvæða í 5. tölul. Verkefni þessi, sem meðal annars ná til varnarliðssvæða, eru ekki nefnd í núgildandi lögum en LHG sinnir þeim í reynd. Með því að telja mengunarvarnir upp sem þjónustubundið verkefni er fagráðuneyti á þessu sviði gert kleift að hafa áhrif á umfang eftirlitsins og jafnvel þann búnað sem Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða til að bregðast við mengun. Almennu mengunareftirliti verður eftir sem áður sinnt sem hluta af almennri löggæslu.

Landhelgisgæslan leggur því til að Umhverfisstofnun muni áfram, í samráði við Umhverfissráðuneyti, geta stuðlað að því að mengunarvarnabúnaður í varðskipum Landhelgisgæslunnar sé í samræmi við nútíma kröfur og að ákvæði 19. gr. standi óbreytt hvað þann þátt varðar.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,

Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur